

## Aðgerðaráætlun gegn hávaða á árunum 2013-2018

One 1001145

Aðgerðaráætlun bæjarins var í kynningu á vef bæjarins og Umhverfisstofnunar á tímabilinu 10. Júní til 8. Júlí 2013.

### Ein athugasemd barst:

Guðmundur Ingvar Sveinsson  
íbúi við Laufvang 4

*„eftir að hafa kynnt mér aðgerðaáætlun Hafnarfjarðarbæjar varðandi umhverfishávaða vil ég koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.*

*Þrátt fyrir að hávaðamælingar sýni að fremsti hluti Hjallabrautar sé ein af hávaðasömustu götunum eru engar aðgerðir fyrirhugaðar. Bærinn tvöfaldaði akreinar inn fyrir lóðarmörk á sínum tíma, þótt að nú sé önnur akreinin í vestur aðeins frárein inn á Laufvang, þá er hún iðulega notuð til framúraksturs áður en komið er að þrengingu og þar af leiðandi er meiri hávaði af henni en gert var ráð fyrir við breytingar á brautinni á sínum tíma.*

*Lóð Laufvangs 2-10 er tæpum meter lægri en Hjallabrautin og er augljóst að lítilsháttar umferðarslys við fyrrnefndan framúraksturs yrði stórhættulegt ef bifreið myndi kastast til hægri og enda í garðinum.*

*Það er ósk stjórnar Húsfélagsins að Laufvangi 2-10 að aðgerðaáætlun Hafnarfjarðar verði endurskoðuð með fyrrgreind atriði í huga og sett verði upp girðing eins og hefur verið gert bæði við Reykjanesbraut og Reykjavíkurveg“*


### Tillaga að svari:

Sá aðgerðaráætlun sem sett er hér fram er til 5 ára. Áætlunin miðar að því að skoða þau svæði sem þegar hafa verið hönnuð í fyrirhuguðum verkefnum sem og þau svæði þar sem hljóðstig reiknast yfir Lden 65dB við aðalgötur. Þegar þessu er lokið verðu farið í að skoða önnur svæði en aðgerðaráætlunin veður endurskoðuð 2018.

Við Laufvangi 8-10 reiknast hljóðstig yfir 65dB og er því eitt af þeim svæðum sem þarf að að skoða og er lagt til að það verði gert samhliða annarri skoðun næstu 5 ár.



**HAFNARFJÖRÐUR**



Jafnframt liggur fyrir umsögn Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

Tekið saman/HS